



Stjórnarfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 30. janúar 2012

Mættir: Guðmunda Hergeirsdóttir, Guðmundur Þórðarson, Halldóra Hreinsdóttir, Jóna Guðrún og Kristín

Efni fundarins

1. SMS áskrift er komin í gagnið og virkar vel.
2. Ákveðið að kaupa ekki námskeið af.....
3. Birta efni frá FFA í Korninu, skilafrestur 10. febrúar. Ritnefnd tekur efni saman.
4. Framundan:
  - a) Ég og þú verður á dagskrá í mars. endanleg dagsetning ekki ákveðin en Halldóra verður í sambandi við skólastjórnendur.
  - b) Bekkjarfullttúrafundur 15. febrúar, umræðuefni: virkt bekkjarstarf og undirbúningur fyrir 7. fræið. Guðmundur sendir sms áminningu og Guðmunda semur auglýsingu fyrir tövlupóst.
  - c) Fresta opnum fundi sem átti að vera 20. febrúar fram í mars.
  - d) Opinn fundur í mars. Umræðuefni foreldrasamstarf Fræin, og hugsanlega fá Gylfa Jón. Guðmundur mun finna hentuga dagsetningu í samráði við skólastjórnendur.
  - e) Páskabingó, Kristín ætlar að minna viðkomandi bekkjarfulltúra á.
5. Ef opnað yrði námsver kæmu foreldrar sem annars eru ekki virkir í foreldrastarfi skólans?
6. Buff. Hagstæðara verð komið, verið að vinna í að aðlaga merki FFA að buffunum. Tekst vonandi að koma þeim í sölu fyrir páskafrí.
7. Ekkert frést af skólapeysum.
8. Umræða um árlegt laufabrauð og fjáraflanir. Þarf að endurskoða hvort allur sá undirbúningur sem laufabrauðsgerð og kaffisala 6. bekkjar krefst standi hreinlega undir sér sem fjáröflun fyrir Reykjaferð. Gæti jólabingó komið í staðinn og annarskonar jólasamvera væri á höndum bekkjarfulltrúa. Þarfnast frekari umræðu og ákvarðanatöku.
9. Gjafir á litlu jólum. Óþarft að kennari eða annar annist gjafakaup svo allir nemendur bekkjar fái samskonar gjöf. Það er í lagi að börn velji sjálf þá gjöf sem á að hafa á litlu jölunum og foreldrum er treystandi fyrir því að kostnaðurinn sé sá sami og ef kennari sér um gjafakaup.. Miðað er við 500kr.
10. Borið hefur á því að foreldrum hafi ekki verið tilkynnt um fjarvist barns. Guðmunda tilkynnir skólastjórnendum það og óskar eftir að reglur varðandi slík tilfelli séu skýrar öllum, bæði kennurum og foreldrum.
11. Ef foreldrar kvarta undan kennara er eðlilegast að bekkjarfulltrúar viðkomandi bekkjar taki málið til skoðunar, skrá tilfelli og hafi samband við skólastjórnendur til úrbóta.

Fundi slitið.

Fundaritari: Guðmunda Hergeirsdóttir